

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Hvað tefur Bygggarða?

Leiðari er á annan áratug frá því hugmyndir um íbúðabyggð við Bygggarða litu fyrst dagsins ljós. Frá þeim tíma hafa ýmsir komi að málum.

Nú virðist flest stefna í höfn. Samþykktir bæjarfélagsins liggja fyrir og einnig hönnun svæðisins. Búið að fjarlægja mikinn hluta mannvirkja af gamla iðnaðarsvæðinu. Mannvirkja sem enga samleið áttu með nýrri íbúðabyggð.

Enn er þó eftir að ryðja eina götu í Bygggörðum. Götu sem liggur skammt frá safnasvæði Seltjarnarnesbæjar og er bæjarfélaginu til lítils sóma. Erfiðlega virðist ganga að ná samningum við eigendur þessara húsa.

Hvað sem því líður hlýtur að liggja fyrir að koma fyrir lögnum og leggja götur svo byggingarverktaki geti hafist handa.

Í nýrri íbúðabyggð liggur styrkur fyrir bæjarfélagið. Vonandi verður hægt að hefja framkvæmdir hið fyrsta.

Soroptimistar gefa tré og sófa



Sólveig Pálsdóttir formaður klúbbsins, Carla Magnússon og Steinunn Árnadóttir sem valdi trjánum stað.

Í tilefni af aldarafmæli alheimshreyfingar Soroptimista 19. júní 2021 gaf Seltjarnarnesklúbburinn bænum fimm reisuleg tré af tegundinni Sitkaöslur.

Tréin voru gróðursett framan við hjúkrunarheimilið Seltjörn. Við sama tækifæri afhenti klúbburinn Sigbrúði Guðmundsdóttur framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins tvær milljónir króna til kaupa á sófum fyrir nýtt áfangaheimili fyrir konur og börn sem þurfa að flýja ofbeldi.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Alþingiskosningar

25. september 2021

Kjörfundur á Seltjarnarnesi er frá kl. 09:00 til kl. 22:00 í Valhúsaskóla við Skólabraut

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar liggur frammi frá 15. september, almenningi til sýnis, á bæjarskrifstofu Seltjarnarness Austurströnd 2, 1. hæð, á opnunartíma skrifstofunnar.

Kjörfundur á Seltjarnarnesi þann 25. september 2021 er í Valhúsaskóla við Skólabraut og hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið er í þremur kjördeildum eins og verið hefur í undanförunum kosningum.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sýslumönnum um allt land. Á höfuðborgarsvæðinu fer hún fram í Smáralind og Kringlunni og verður opið alla daga frá kl. 10:00 til 22:00. Á kjördag 25. september nk. verður einungis opið í Smáralind frá kl. 10:00 til 17:00.

www.kosning.is - Kosningavefur innanríkisráðuneytisins er með ýmsar gagnlegar upplýsingar um kosningarnar.

Munið eftir persónuskilríkjum

Aðsetur yfirkjörstjórnar Seltjarnarnesbæjar á kjördag er í Valhúsaskóla.

F.h. yfirkjörstjórnar
Árni Ármann Árnason, formaður

Fjölbætt heilsuefling 65+ á Seltjarnarnarnesi hefur gengið vel

Verkefnið Fjölbætt heilsuefling 65+leið að farsælum efri árum hefur staðið yfir í allt sumar hér á Seltjarnarnesi og gengið virkilega vel en um er að ræða samstarfsverkefni Seljarnarnesbæjar og Janusar heilsueflingar.

Innleiðingin sem hófst í byrjun sumars gekk mjög vel, bæði mælingar á hópnum sem framkvæmdar voru í íþróttahúsinu sem og þjálfunin. Skráðir



Upphitun og liðleikaæfingar á Valhúsarhæðinni.

þátttakendur í sumar voru 53 talsins, 38 konur og 15 karlar. Hver þátttakandi fékk sína niðurstöðu eftir mælingarnar og umfjöllun um hvað þær þýða auk þess sem blóðmælingar eru framkvæmdar í samvinnu við Hannes Hrafnkelsson, heimilislækni á Seltjarnarnesi. Skipulagðar æfingar með þjálfara hafa verið þrisvar sinnum í viku auk þess sem hver og einn fékk sitt æfingaplan til sex mánaða að vinna með sjálfur þess utan.

Þjálfunin sjálf hefur annars vegar verið



Styrktarþjálfun í World Class tvisvar sinnum í viku.

sameiginleg utanhúss á Valhúsarhæðinni á mánudögum og hins vegar styrktarþjálfunin í World Class á þriðjudögum og fimmtudögum. Á öðrum dögum hafa þátttakendur séð um að fylgja settri áætlun um sjálfstæða þjálfun, annað hvort með því að nýta sér Heilsu-App Janusar eða fylgja fyrrnefndu heimablaði.

Það er ánægjulegt hversu vel heilsueflingin hefur gengið sem án efa skilar sér í aukinni orku og bættri líðan þátttakenda.




Fjölbreyttar mælingar framkvæmdar í íþróttahúsinu.



Skráning í mataráskrift er hafin!

Skráning fer fram á www.skolamatur.is

Netfang: skolamatur@skolamatur.is | Sími 420-2500



VÍNBUÐIN EIÐISTORGI

LOKAÐ

6. - 14. SEPTEMBER

Vínbúðin Eiðistorgi verður lokað vegna framkvæmda frá mánudeginum 6. september til þriðjudagsins 14. september.

Við bendum viðskiptavinum á að næstu Vínbúðir eru í Austurstræti og Kringlunni.

Vínbúðir með lengri opnunartíma eru í Skeifunni og Skútuvogi: mán-fös 10-20, lau 11-18.

Við þökkum þolinmæðina og hlökkum til að taka á móti ykkur í enn betri Vínbúð.

 VÍNBUÐIN

Við gerum þetta saman

Það verður erfiður rekstur hjá öllum bæjarfélögum og ríkinu í ár og á næstu misserum í kjölfar COVID-19. Enn hefur ekki tekist að vinna bug á þessum faraldri. Seltjarnarnes hefur orðið fyrir samdrætti í útsvarstekjum eins og önnur bæjarfélög á þessu ári. Á sama tíma leggur meirihlutinn áherslu á að halda úti öflugri þjónustu. Við Seltirningar tökumst samhent á við farsóttina og náum þannig árangri. Á þessum tímum skiptir máli að styðja vel við bakið á starfsfólki bæjarins og íbúum.

Sumarfólkið og vinnuskólinn stóðu vaktina í sumar

Nú er komið að því að sumarstarfsmenn okkar eru að kveðja. Til að halda uppi góðri þjónustu hjá bænum höfum við ráðið afleysingafólk til að létta undir. Sumarfólkið, líkt og þeir fastráðnu, hefur staðið sig frábærlega í sumar og komið að margvíslegum verkefnum. Ber að þakka þeim vel unnin störf. Einnig hafa átaksverkefni verið í gangi hjá stjórnsýslunni sem gengið hafa mjög vel og unga fólkinn sinnt af dugnaði.

Sterkir innviðir, lágur álögur

Við höfum styrkt mikilvæga innviði í bæjarfélaginu. Skólamál hafa alltaf verið forgangsmál og álögur eru meðal þeirra lægstu á landinu. Seltjarnarnesbær leggur áherslu á að Nesið sé ávallt leiðandi í skóla-, æskulýðs- og íþróttastarfi á landsvísi, þar sem lögð er áhersla á jöfn tækifæri, árangur og velliðan. Við getum verið sátt með árangur undanfarinna ára. Kannanir sýna að á landsvísi eru Seltirningar hvað ánægðastir með bæjarfélagið sitt.

Útgjöld bæjarins hafa verið að hækka umfram

hækkun tekna, það eru afleiðingar yfirfærslu málefna frá ríki til sveitarfélaga en einnig aukinnar þjónustu. Engu að síður er fjárhagsstaða bæjarins sterk, bæjarfélagið skuldar lítið. Við stöndum á traustum grunni. Það sem skiptir máli er að verja grunnþjónustuna og sníða sér stakk eftir vexti. Við hér á Nesinu ætlum að verja þá góðu stöðu sem bæjarfélagið hefur byggt upp. Fyrsta skrefið er að leggja fram á næstunni fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, sem tekur mið af þeirri staðreynd að við erum enn að vinna úr margvíslegum afleiðingum farsóttar.

Fjárfestingar og framkvæmdir á árinu

Á þessu ári eru fyrirséðar nokkrar stærri framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, auk hefðbundinna verkefna sem finna má stað í rekstri bæjarins, skv. fjárhagsáætlun.

Eitt umfangsmesta verkefni ársins er endurborun á hitaveituhölu fjögur. Hún er nú að fara af stað og mun standa yfir næstu tvo mánuði. Einnig var farið í miklar viðhaldsframkvæmdir á stjórnstöð hitaveitunnar við Lindarbraut og áfram unnið að viðhaldi á öðrum virkum borholum.

Göngustígar við Eiðistorg og flutningur á gönguljósum þar er nú lokið. Á næstu vikum verður farið í að endurnýja umferðarljósin á gatnamótum Nesvegjar og Suðurstrandar. Vegagerðin kemur að því verkefni með bænum. Göngustígurinn frá Snoppu að golfvelli verður endurnýjaður og hefst sú vinna í september.

Ný leiktæki hafa verið sett upp á leiksvæði leikskólans sem og viðhaldi sinnt á almenningsvæðum bæjarins. Endurnýjun á fráveitu við Norðurströndina gengur vel en verkinu verður ekki lokið fyrr en um áramótin. Nú

er verið að leggja lokahönd á útboðsgögn varðandi samþýlið við Kirkjubraut 20 og fer framkvæmdin í auglýsingu fljótlega.

Lægstu fasteignagjöldin, hæstu tómsundastyrkimir

Undir stjórn sjálfstæðismanna hefur Seltjarnarnes boðið íbúum sínum upp á lægstu útsvarsprósentu sem þekktist í landinu, 13,66%, lægstu fasteignagjöldin og hæstu tómsundastyrkina kr. 50.000. Þá tryggir bærinn sumarstörf fyrir unga fólkinn okkar, eins og áður er getið. Fjárhagur bæjarins berir vitni um ráðdeild og ánægja íbúanna endurspeglar þjónustu bæjarfélagsins.

Nú er kjörtímabilið rúmlega hálfnað og er engan bilbug að finna á okkur. Við munum áfram sem hingað til takast á við verkefni af festu og varkárni. Við höfum byggt hjúkrunarheimili, stækkað íþróttamiðstöðina, byggt fimleikahús og stækkað stúkuna við gervigrasvöllinn svo eitthvað sé nefnt fyrir utan hefðbundið viðhald. Allt kostar þetta peninga en þeim fjármunum er vel varið. Bærinn hefur aldrei verið fallett og snyrtilegt en nú í sumar.

Farsóttinni léttir um síðir. Við getum þá horft um öxl og talið okkur til tekna að hafa tekist á við erfiðleikana samhent. Það er samstaðan sem skilar árangri.

Ásgerður Halldórsdóttir,
bæjarstjóri.



Ásgerður Halldórsdóttir.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



TJÓNAVIÐGERÐIR

Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

Barnakór Seltjarnarneskirkju býður öll börn í 1. til 6. bekk velkomin í kórinn. Æfingar hefjast 7. september.



Kórstjórar eru Þorsteinn Freyr Sigurðsson og María Konráðsdóttir, en þau leiða faglegt starf barnakórsins.

Í Barnakór Seltjarnarneskirkju læra börnin falleg og skemmtileg lög, þau hljóta söngkennslu, læra tónleikaframkomu ásamt því að efla sjálfstraust í gegnum tónlist, leik og söng.

Æfingar eru í Seltjarnarneskirkju á þriðjudögum.

1. - 3. bekkur kl 14:30 til 15:15

4. - 6. bekkur kl 15:15 til 16:00

Skráningar með nafni barns, fæðingardag og ár, ásamt símanúmeri foreldra, berist í tölvupósti á barnakor@seltjarnarneskirkja.is fyrir 1. september. Æfingar hefjast 7. september.

Kórgjald er 12.000kr fyrir önnina en ákveðið hefur verið að bjóða öllum börnum á Seltjarnarnesi fyrstu önnina að kostnaðarlausu.

Þorsteinn Freyr Sigurðsson lauk mastersprófi í óperusöng í Tónlistarháskólanum Hanns Eisler Berlín og starfaði um 3 ár við óperusöng í Þýskalandi áður en hann flutti heim, þar sem hann lærði kennslufræði tónlistar í Listaháskóla Íslands. Þorsteinn hefur stjórnað Barnakór Seltjarnarneskirkju í 3 ár og Drengjakór Reykjavíkur í 2 ár, ásamt því að kenna söng, þjálfna kóra og sungið á fjölmörgum tónleikum og óperusýningum á Íslandi.

María Konráðsdóttir lauk mastersprófi í klassískum söng frá Tónlistarháskólanum í Berlín árið 2018. Á árunum 2016-2019 starfaði hún sem raddþjálfari og aðstoðaði við kóræfingar hjá Drengjakór Dómkirkjunnar í Berlín og stúlknaðkór Söngakademiunnar í Berlín. Árið 2020 hóf hún að bjóða uppá tónlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 3-7 ára þangað til hún flutti til Íslands í desember sl.

Viðtal við Guðmund Ara Sigurjónsson

Purfum öflugri talsmenn sveitarfélaga inn á Alþingi

Guðmundur Ari Sigurjónsson er tómsunda- og félagsmálafræðingur og bæjarfulltrúi fyrir Samfylkinguna á Seltjarnarnesi. Guðmundur hefur starfað í æskulýðsgeiranum um árabil. Hann sinnti einnig íþróttum á yngri árum. Spilaði handbolta og fótbolta með Gróttu. Guðmundur Ari er giftur Nönnu Kaaber Árnadóttur íþróttfræðing og saman eiga þau börnin Árna Berg sem er fæddur 2013, Kjartan Kára sem er 2016 og Magneu sem fædd er 2018.

„Ég er fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi. Ég flutti af Nesinu þegar ég fór að heiman en eftir að ég byrjaði með konunni minni og við fórum að hugsa um að eignast börn fór okkur báðum að langa að flytja aftur heim á Nesið. Það eru mikil forréttindi að alast upp á Nesinu enda eins konar sveit í borg. Hér er einn leikskóli, einn grunnskóli og eitt íþróttafélag svo allir kannast við flesta. Það var góður skóli að æfa íþróttir með Gróttu á sínum tíma þar sem við vorum kannski ekki besta lið landsins en við hirtum þó nokkra þrúðasta liðið bikara. Á Nesinu erum við líka með sterka tengingu við sjóinn, fjöruna og náttúruna á Vestursvæðunum. Það skemmir svo ekki fyrir að þrátt fyrir þessi sveitalífsgeði þá erum við nær miðbæ höfuðborgarinnar en mörg hverfi Reykjavíkur.“

Fékk nýja nálgun á lífið fyrir austan

Þrátt fyrir að hafa verið ánægður með að alast upp á Nesinu segir Guðmundur Ari frá því að hann hafi gengið nokkuð utan leiðar í skólakerfinu. „Ég passaði ekki alveg inn í skólakerfið frá því að ég var svona 10 ára. Átti erfitt með að sitja kyrr og hlýða í blindni því sem kennarinn vildi að ég gerði. Þegar árin liðu endaði ég í raun skólagönguna á Nesinu í eiginlegri uppreisn við skólann. Þetta varð til þess að þegar ég byrjaði að vinna í Selinu nokkrum árum seinna héldu gamlir kennarar að ég væri mættur í 12 spora kerfið og væri að bæta fyrir gamlar syndir. Eftir grunnskólagönguna fór ég



Fjölskyldan. Guðmundur Ari, með Magneu í fanginu. Þá Árni Bergur, Kjartan Kári og Nanna.

í FÁ og fann mig ekki heldur þar. Áherslan var aðallega á félagslífið og tómsundur. Sumarið eftir þetta fyrsta ár ákvað ég að breyta algjörlega til og flytja austur á Eskifjörð þar sem ég vann við að leggja hitaveitu í sveitarfélaginu. Á Eskifirði eignaðist ég kærustu og marga góða vini svo ég var þar áfram einn vetur í Verkmenntaskóla Austurlands. Það var alveg dásamlegt að búa á Eskifirði og þar rann upp fyrir manni hversu mikil lífsgeði eru fólgin í því að búa í þétu samfélagi og hversu margt er líkt með samfélaginu á Seltjarnarnesi og samfélögum á landsbyggðinni. Lífið fyrir austan var að mörgu leyti öðruvísi en í borginni, maður vann 12 tíma á dag og svo voru sveitaböll um helgar. Eftir að ég kom suður á ný fór ég fyrst í lðnskólann í Reykjavík og þaðan lá leiðin í Fjölbrotaskólann í Breiðholti.

Lærði margt hjá Möggu

Guðmundur Ari byrjaði að vinna í félagsmiðstöðinni Selinu á Seltjarnarnesi þegar hann var 19 ára. „Ég vil meina að ýmislegt hafi snúist við hjá mér þegar ég byrjaði að vinna í Selinu hér á Seltjarnarnesi. Í ungmennastarfinu fann ég mína köllun ef svo má segja. Eftir að ég byrjaði að vinna að þessum málum sótti ég um undanþágu til að innrita í nám í tómsunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Ég varð að fara þá leið því ég hafði ekki lokið stúdentsprófi endanlega þótt ég væri komin með nægilega margar einingar. Það var í tómsundafræðinni sem mér leið í fyrsta sinn vel í skólanum. Annars held að Margrét Sigurðardóttir eða Magga í Selinu eins og við kölluðum hana alltaf hér á Nesinu hafi verið

einn besti kennari minn og hvatti hún mig áfram í námi og starfi. Magga byggði upp faglegt æskulýðsstarf af krafti og árangurinn lét ekki standa á sér. Fyrir síðustu aldamót voru unglingar á Seltjarnarnesi Íslandsmeistarar í unglingadrykkju samkvæmt könnunum Rannsóknar og greiningar. Magga byrjaði að vinna í Selinu á þessum tíma og hún byggði upp gríðarlega öflugt samstarf við skólann, Gróttu og foreldrafélagið þar sem tekið var höndum saman við að auka framboð af jákvæðum tómsundum, auka aðhald og minnka drykkju. Þessi þróun leiddi að reykingar og drykkja hvarf nánast í Grunnskóla Seltjarnarness, þátttaka í jákvæðum tómsundum jókst sem birtist í aukinni þátttöku í starfinu á Nesinu en einnig í fjölda krakka á Nesinu sem tóku að sér leiðtoga hlutverk í félagslífi framhaldsskólanna. Það var ótrúlega gefandi að vinna í Selinu undir forystu Möggu þar sem markvisst var unnið að því að bjóða upp á framúrskarandi félagsmiðstöðvastarf, námskeið, viðburði og ferðalög. Áherslan var alltaf á valdeflingu, að virkja unga fólkið til þátttöku, skapa öflugt nemenda- og ungmennaráð þar sem þau fengu sjálf að skapa og stýra eigin félagsstarfi með stuðningi okkar starfsfólksins.“

Hef áhyggjur af ungmennastarfinu

Guðmundur Ari segir verulega ástæðu til þess að hafa áhyggjur af ungmennastarfinu á Nesinu eftir að starfsemi Selsins var skorin niður um 40% en niðurskurður í Selinu varð til þess að Magga í Selinu sagði upp störfum og enginn hefur verið ráðinn í hennar stað. „Þessi niðurskurður er sorgarsaga um pólitíska skammsýni og því miður er að sækja í sama farið. Ungmennadrykkja er farin að aukast sem er afar slæmt. Í Covid faraldrinum hefur félagsleg einangrun aukist – ekki síst á meðal ungmenna. Sveitarfélögin í kringum okkur ásamt ríkinu eru meðvituð um þessa stöðu og eru að leggja aukna áherslu á að auka framboð á faglegu tómsundastarfi sem miða að því að virkja ungt fólk til

þátttöku. Þetta ættum við að gera líka og vonast ég til að bæjarstjórn snúi þessum niðurskurði við svo að börnin okkar fái tækifæri til að alast upp í sama öfluga og skapandi félagsstarfi eins og við sem eldri erum fengum að kynnst.

Hóf sinn pólitíska feril í Sjálfstæðisflokknum

Þegar Guðmundur Ari starfaði sem forstöðumaður í Selinu hélt hann utan um valáfanga í Valhúsaskóla sem heitir félagsmálafræði. Eftir að hafa haldið fyrirlestur um mikilvægi þess að krakkarnir taki virkan þátt í nefndum og félagslífi skólans fann hann að hann þyrfti að vera virkur þátttakandi sjálfur. „Þegar ég labbaði úr þessari kennslustund hugsaði ég hversu mikill hræsnari ég væri þar sem ég var sjálfur ekki virkur í neinum ákvörðunum í mínu nærumhverfi. Ég ákvað því að mæta á fund hjá Sjálfstæðisfélaginu á Seltjarnarnesi þar sem ég var ekki búinn að móta pólitískar skoðanir mínar og Sjálfstæðismenn voru við völd svo ég hugsaði að þar væri hægt að hafa áhrif. Það þurfti svo reyndar bara einn fund þar sem fjallað var um skóla- og tómstundastarfið á Nesinu að ég gerði mér grein fyrir því að mín sýn um öflugt menntakerfi rúmaðist ekki á fundinum þar sem megininntak



Úr ungmennastarfi á Seltjarnarnesi.

í umræðunum var um hvernig mætti skera niður þjónustuna.“ Eftir þetta stutta stopp hjá Sjálfstæðismönnum mætti Guðmundur Ari á fundi hjá Samfylkingunni, þar var honum stillt upp í annað sæti á lista flokksins í sveitarstjórnarkosningunum 2014 sem skilaði sæti í bæjarstjórn Seltjarnarness. „Það var ótrúlega skemmtileg upplifun að taka þátt í kosningum í fyrsta skipti árið 2014. Í Samfylkingunni var ótrúlega samheldinn og skemmtilegur hópur sem Margrét Lind Ólafsdóttir

leiddi. Það var mjög lærdómsríkt að sitja með Margréti Lind í bæjarstjórn enda var hún mjög öflugur sveitarstjórnarmaður og er hún hin Maggan sem kenndi mér svo margt, studdi vel við bakið á mér og hvatti mig áfram.“ Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 leiddi Guðmundur Ari lista Samfylkingarinnar og fékk framboðið aftur tvö menn kjörna í bæjarstjórn.“

Innkoma í landsmálin

Guðmundur Ari hefur einnig haft afskipti af landsmálum. Hann er nú í fjórða sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvestur kjördæmi eða kraganum eins og það er oft kallað. „Ég er mjög spenntur fyrir kosningunum framundan og vonast ég eftir að fá góðan stuðning svo að ég fái tækifæri til þess að stíga inn á Alþingi sem varaþingmaður til að berjast fyrir málefnum ungs fólks, umbótum í menntamálum ásamt stórum skrefum í umhverfis- og heilbrigðismálum. Maður hefur rekið sig á það í bæjarstjórninni og ekki síður í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að það þarf öflugri talsmenn sveitarfélaga inn á Alþingi. Á Alþingi er sífellt verið að setja lög sem auka kröfur á sveitarfélög um kostnaðarsama þjónustu án þess að fjármagn fylgi. Þetta verður til þess að svigrúm sveitarfélaga til þess að veita íbúum sínum öflugra þjónustu minnkar sem verður til þess að fleiri íbúar falla á milli kerfa sem endar svo sem stór kostnaðarliður á ríki og sveitarfélög í framtíðinni.“

Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

Bílastuð Eignaumsjónar - þrjár þjónustuleiðir í boði:

- » **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluáðstöðu og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWE.GROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Hraðavaraskilti við Lindarbraut



Frá Lindarbraut þar sem hraðavaraskilti hefur verið komið upp.

Hraðavaraskilti er komið við Lindarbraut á Seltjarnarnesi þar sem hámarkshraði er nú 40 kílómetrar á klukkustund.

Almennum hraðaskiltum hefur verið breytt í kjölfar lækkunar hámarkshraða úr 50 kílómetra hraða í 40 til að auka umferðaröryggi vegfarenda um Lindarbraut samkvæmt staðfestingu bæjarstjórnar í vor. Að auki voru nýverið sett upp tvö hraðavaraskilti í sitthvora akstursstefnunum á götunni sem benda öllum á hraðann sem þeir aka á. Íbúar hafa lýst ánægju sinni með breytinguna og er vonast til að hún dragi markvisst úr hraðanum á Lindarbrautinni sem er fjölfarin gata og mikið um börn og ungmenni á leið til og frá skóla.

Sýning á verkum Sigrúnar Jónsdóttur í Seltjarnarneskirkju

Kirkjulistakonu minnst

Sýning á kirkjulistaverkum Sigrúnar Jónsdóttur (1921-2001), kirkjulistakonu, verður í Seltjarnarneskirkju í tilefni þess að eitt hundrað ár voru liðin frá fæðingu hennar 19. ágúst síðastliðinn. Sýningin verður opnuð að lokinni guðsþjónustu í Seltjarnarneskirkju 29. ágúst kl. 11.00. Biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar í guðsþjónustunni, en sóknarpresturinn sr. Bjarni Þór Bjarnason, þjónar fyrir altari. Organisti er Friðrik Vignir Stefánsson og kór kirkjunnar syngur. Sýningin verður opnuð formlega að lokinni guðsþjónustunni og boðið verður upp á hressingu.

Sigrún Jónsdóttir, kirkjulistakona, fæddist í Vík í Mýrdal 19. ágúst 1921. Hún lést 22. nóvember 2001.

Foreldrar hennar voru hjónin Jón Jónsson, silfur- og málmsmiður, og Guðný Þorgerður Þorgilsdóttir, starfskona hjá Alþingi. Snemma komu í ljós listrænið hannyrðahæfileikar Sigrúnar sem hún lagði rækt við og gerðu hana að þeirri listakonu sem nú er minnst með virðingu. Hún fluttist með foreldrum sínum til Reykjavíkur og hóf nám í



Kvennaskólanum og lauk því 1939. Nokkru síðar tók hún að sækja námskeið í saumum og handavinnu, ýmist hjá einkakennurum eða í Handíða- og myndlistaskólanum. Sigrún lauk handavinnukennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1947. Hún hélt utan til Gautaborgar til frekara listnáms. Sigrún útskrifaðist sem meistari úr textíildeild Slöjdföreningens-skóla eftir tíu ára nám og starf að listgreininni í Gautaborg. Sigrún kynnti fyrir Íslendingum ævafora listgrein, batik. Batiskerमार og batikdúkar sem hún gerði nutu mikilla vinsælda.

Sýningar á kirkjulist hennar voru haldnar hér heima og í Bandaríkjunum.

Segja má að hún sé með fyrstu kirkjulistakonu Íslendinga og er líklega mikilvirkust þeirra allra í kirkjulist þar sem vefnaður og saumur koma við sögu.

Höklar, stólar, stólsáklæði á prédikunarstól og altarisáklæði

Sigrún vann fjölda ofinna og saumaðra kirkjulistaverka fyrir kirkjur víðs vegar út um land sem og í útlöndum. Þessi verk kallast höklar, stólar, stólsáklæði á prédikunarstóli og altarisáklæði. Því síðastnefnda er sveipað utan um altari í kirkjum eða altarisbrúnina. Verkin eru ætíð prýdd með fornum kirkju- og guðfræðilegum táknum.

Hún lét líka til sína taka á öðrum menningar- og minjasviðum svo um munaði. Það var að frumkvæði hennar að eikarskipið Skaftfellingur var flutt til Víkur í Mýrdal frá Vestmannaeyjum fyrir rúmum tuttugu árum. Skaftfellingur var á æskuárum hennar líftaug íbúanna í Vík. Sigrún var öflug kona og alla tíð trú sínu listræna þjónustuhlutverki.

Sýning á list Sigrúnar stendur yfir í mánuð og er aðgangur ókeypis.

HSH.

BÝR DANSARI Í ÞÉR?

INNTRITUN HAFIN



dansgardurinn.is



ÓSKANDI

oskandi.is



Fráveituframkvæmdir við Norðurströnd

Endurnýjun á frárennislögnum á Norðurströndinni hefur gengið samkvæmt áætlun. Starfsmenn bæjarins hafa unnið að framkvæmdinni síðan í byrjun sumars og ætlunin er að ljúka verkinu fyrir áramót.

Búið er að tengja fráveitukerfi norðanmegin af Seltjarnarnesi við dælustöð. Eftir föngum er stefnt að því að tengja allt frárennsli Seltjarnarnesbæjar í sniðræsi og leiða það að dælustöðvum sem dæla því til hreinsistöðvar við Ánanaust.

Fráveita bæjarins er í umsjá Bygginga- og umhverfissviðs og Áhaldahús Seltjarnarness sér um daglegan rekstur og viðhald.



Fráveiturör bíða þess að verða lögð í jörð við Norðurströnd.



Sjúkraliðar / aðhlyning hlutavinna

Ert þú jákvæður, traustur, áreiðanlegur og þjónustulundaður einstaklingur, þá eru lausar stöður sjúkraliða og eða starfsfólks í aðhlyningu nú þegar til að sinna íbúum á hjúkrunarheimilinu Seltjörn, Safnartröð 1 á Seltjarnarnesi. Um er að ræða hlutastörf 60-80%.

Sótt er um á heimasíður www//sunnuhlid.is

Vinsamlegast setjið **Nes**-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Gerð er krafa um að viðkomandi tali og skilji íslensku.



Við gerum það sem við segjumst ætla að gera

Suðvesturkjördæmi 1. sæti – Karl Gauti Hjaltason 2. sæti – Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir

Um misvægi

Eftir síðustu Alþingiskosningar vantaði átta atkvæði upp á að Kópavogsbúinn Margrét Tryggvadóttir yrði annar þingmaður Samfylkingarinnar fyrir Kragann. Fyrir vikið varð þingflokkur Samfylkingarinnar manningum færri en þingflokkur Framsóknarflokksins – þrátt fyrir að Samfylkingin hefði fengið rúmlega 2500 fleiri atkvæði en Framsókn á landsvísi. Nú er ég kominn í annað sætið – og er út um allt að svipast um eftir þessum átta ...

Sjálfur varð ég sá þingmaður sem hafði flest atkvæði á bak við sig á síðasta þingi – sem kannski er viss upphæfð – en ég hefði samt frekar viljað hafa hana Möggu með mér. Það hefði hún líka verið ef atkvæði okkar í Kraganum hefðu ekki miklu minna vægi en atkvæði fólks sem býr í öðrum landshlutum. Þegar kosningalög voru samþykkt undir lok þingsins reyndum við að koma á einfaldri leiðréttingu á þessari skekkju, með fjölgun jöfnunarþingsæta – auk mín lögðu fram málið Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir frá Viðreisn og Píratin Björn Leví Gunnarsson. Í gamla daga var stundum talað um „lýðræðisflokkan“ til aðgreiningar frá meintum alræðisinum. Kannski er ástæða til að endurvekja þetta hugtak um þá flokka sem studdu þessa tillögu.

Við sem lögðum málið fram gerðum það í samráði við Þorkel Helgason, þann mann sem best þekkir til kosningalaganna og við tókum líka mið af umsögn Ólafs Þ. Harðarsonar um kosningalagabreytingarnar svo að ekki er hægt að afgreiða þessa tillögu okkar sem hugdettu á síðustu stundu.

Stjórnarliðar sögðu að ekki hefði farið „næg umræða fram“, eins og jafnt kosningaréttur sé álitamál sem þurfi að ræða, en ekki grundvallar-mannréttindi sem við öðlumst um leið og við höfum aldur til. Stundum heyrast í þessari umræðu að slík forréttindi og hagræði fylgi því að ýmsar stofnanir hafi höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu að réttlætlanlegt sé mismuna fólki þegar kemur að kosningarétti.

Það er vissulega ástæða til að jafna hlut byggðanna – og ótal tækifæri sem gefast til þess á okkar netvæddu tímum, en kosningaréttinn á ekki að nota til þess, frekar en önnur mannréttindi. Misvægi á einum stað verður ekki lagað með misvægi á öðrum stað.

Það ríkti almenn sátt um það frá árinu 1987 að minnsta kosti, að jafna bæri vægi flokkanna og Alþingi hefur nokkrum sinnum tekist að gera það. En í þremur síðustu kosningum hafa Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn hins vegar skipst á að fá aukamann umfram það sem þeim ber samkvæmt atkvæðavægi. „Þetta er eitthvað sem þarf að skoða,“ er haft eftir forsætisráðherra um málið.

Ef við fáum til þess styrk í komandi kosningum þá er þetta hins vegar eitthvað sem við ætlum að breyta. Þá þurfa þessi átta að skila sér ...

Guðmundur Andri Thorsson og þingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi og skipar annað sæti listans í komandi kosningum



Guðmundur Andri Thorsson.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

BÓKAÐ MÁL

Ferðaprá



Þegar ég smeygi mér inn á milli rekka með tvær skáldsögur eftir García Márquez er ég skyndilega gripinn harkalegri ferðaprá. Þetta er síðdegis í ágústbyrjun, hitinn á safninu er rólegur en ágengur og sólskinið sleikir gólfdukin. Ég loka augunum og ímynda mér að ég gangi niður þrönga, hellulagða götu að ströndinni. Hafíð er framundan, heiðblátt og spegilslétt og ég finn kryddaðan ávaxtailm í bland við daufa skólplykt.

Þessa dagana er öllu minna um ferðalög til fjarlæggra landa en venjulega og margir orðnir langeygir eftir hinum óviðjafnanlegu hughrifum sem fylgja því að hverfa í fjöldann í fjarlægri borg, þræða ókunnar göturnar, anda að sér heitu loftinu og heyra ómínn af framandi tungumáli berast út um opna glugga.

Mér detta í hug myndir úr Kúbuljóðum Ingibjargar Haraldsdóttur:

*blágrænar öldurnar sleiktu á ströndinni
menn og steina með lötu gjálfri*

...

*Svo þung og heit
sólin*

Og annars staðar:

*... yfir öllu hvílir
angan lygilegra blóma*

Svo opna ég augun og átta mig á að ég er einmitt á rétta staðnum til að slá á þessa burtfararþrá. Í kringum mig svigna hillur undan bókum og hver og ein er flugmiði með öllu inniföldu til framandi staða, landa og heima. Ég kem García Márquez fyrir á sínum stað og skammt frá finn ég *Smásögur heimsins: Asía og Eyjaálfa*. Ég opna af handahófi og líkt og fyrir töfra er ég farinn.

Í skáldsögunni *The Ocean at the End of the Lane* eftir Neil Gaiman getur lítil tjörn innihaldið allt sem fyrirfinnst í heiminum. Þetta er tákmynd höfundar fyrir það hvernig heill heimur kemst fyrir í lítilli bók eða sögu. Eins og úthaf í skúringafötu, líkt og Gaiman kemst að orði.

Örvæntum því ekki þegar ferðapráin þjakar. Finnum bara réttu söguna, hvort sem er á hljóðbók, rafbók eða gamaldags pappír, og ferðumst saman.

Við getum farið hvert sem er.

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Enn og aftur breytast hlutirnir hratt og nýjar reglur og upplýsingar líta dagsins ljós með stuttum fyrirvara, en við erum vongóð og bjartsýn og höldum okkar striki. Að sjálfsögðu lútum við þeim reglum sem eru í gangi á hverjum tíma.

KYNNING Á DAGSKRÁ FÉLAGS OG TÓMSTUNDASTARFS ELDRI BÆJARBÚA FYRIR MÁNUÐINA SEPTEMBER – DESEMBER 2021.

FIMMTUDAGINN 9. SEPTEMBER VERÐUR OPIÐ HÚS Í SALNUM Á SKÓLABRAUT 3-5, MILLI KL. 13.00 OG 16.00 .

Virðum gildandi sóttvarnareglur.

Vonandi náum við að halda inni öllum föstu dagskrárliðunum ásamt því að fara í ferðalög, leikhús, bjóða heim gestum, auka fjölbreytni og bjóða upp á styttri námskeið og ýmislegt fleira. Þeir sem hafa hugmyndir af annarskonar námskeiðum eða dagskrá endilega komið þeim á framfæri. Símanúmer forstöðumanns er 5959147 / 8939800 og netfang er kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is. Þau Námskeið sem nú þegar eru komin á blað fyrir veturinn eru: **leir, gler, leður og roð, silfursmíði, tálgun og útskurður ásamt bókbandi og dansi.**

Endilega kikið við á Skólbrautinni fimmtudaginn 9. september milli kl. 13.00 og 16.00. Starfsmenn og leiðbeinendurnir verða á staðnum og gefa upplýsingar. Skráning á námskeiðin. Boðið veður upp á kaffi og vöffur.

Dagskrárblað félags og tómstundastarfsins í heild sinni verður væntanlega sent út til allra 65 ára og eldri um mánaðamótin.

Thelma og Birkir þakka fyrir samstarfið í sumar

Félags og tómstundastarfið hefur gengið með þrýði í sumar þó vissulega hafi ástandið í samfélaginu óneitanlega haft einhver áhrif á starfsemi okkar. Birkir Kristján og Thelma Hrund leystu Kristínu af í sumar og einnig var Daði Már að leysa af Halla húsvörð. Framan af sumri spiluðum við félagsvist, héldum bingó og spiluðum botsía en eftir að takmarkanir voru settar á að nýju höfum við þurft að sleppa ýmsu en oft höfum við leyst það með að fara bara í göngutúra í staðinn og labbað um fallega Nesið okkar. Þúttið, leikfimin, handavinnan og aðrir fastir liðir hafa samt sem áður verið á sínum stað og alltaf góð stemning í húsinu. Farið var í nokkrar stærri ferðir eins og í Grasagarðinn og Öskjuhlíðina þar sem gengið var um og sest inná nálæg kaffihús og veitingastaði. Einnig var farin ein ferð alla leið uppá Eyjafjallajökul þar sem keyrt var upp jökulinn í sérstakri jöklarútu. Birkir og Thelma þakka kærlega fyrir sig í sumar. Það var mikil ánægja og heiður að kynnast ykkur öllum!

Þátttakendur í félags og tómstundastarfinu senda þeim Thelmu og Birki sínar bestu þakkir fyrir góða viðkyngingu og ánægjulegt samstarf í sumar.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

INNRIÐUN HEFST 11. ÁGÚST

JAZZ | COMMERCIAL | LYRICAL | CONTEMPORARY | MUSICAL THEATRE

FJÖLBREYTT KENNSLA
FRAMKOMA OG TÆKNI
JÁKVÆÐ STYRKING
FRÁBÆR TÆKIFÆRI
VIÐBURDIR OG FERÐIR

ALDURSFLOKKAR
3 ÁRA OG ELDRI



HAUSTÖNN HEFST 13. SEPT

VESTURDÆR | KÓRÁÐGANGUR | GARDARÆR | HAFNARTJÓNDUR | GRAFARNULT

WWW.DANSSKOLIBB.IS
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS



DBB

FRÍ PRUFUVIKA
13.-20. SEPT



DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

SÖNGLEIKJAEIÐ

BYRJENDA & FRAMHALDSSHÓPAR

FAGLÆRDIR KENningar FRÁ
LONDON OG NEW YORK

SÝNINGAR Á HVORRI ÖNN

EINKATÍMAR Í SÖNG

VIÐBURDIR

TÆKIFÆRI



WWW.DANSSKOLIBB.IS
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS





Magnús Örn ráðinn U17 landsliðsþjálfari kvenna

Magnús Örn Helgason hefur verið ráðinn sem nýr U17 landsliðsþjálfari kvenna. Það þarf ekki að kynna Magnús Örn fyrir Gróttufólki en hann hefur starfað hjá knattspyrnudeild Gróttu frá árinu 2007 og er Gróttumaður í húð og háar.

Magnús Örn lék upp yngri flokka Gróttu áður en hann sneri sér að þjálfun en hann hefur þjálfað flesta aldurshópa hjá félaginu auk þess að gegna starfi yfirþjálfara yngri flokka árin 2014-2017. Árið 2018 tók Maggi við meistaraflokki kvenna og hann hefur stýrt liðinu síðan ásamt Péttri Rögnvaldssyni, en undir þeirra stjórn komst Gróttu upp um deild árið 2019.

Magga verður sárt saknað innan knattspyrnudeildarinnar, enda hefur hann gegnt stóru hlutverki þar lengi og sinnt starfi sínu af mikilli kostgæfni og ástríðu. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Magga innilega til hamingju með nýja starfið og er hreykið af því að þjálfari félagsins sé orðinn landsliðsþjálfari. Maggi tekur við U17 ára landsliðinu að loknu keppnistímabili hjá meistaraflokki kvenna í september mánuði. Gróttumenn hlakka til að fylgjast með honum í nýju starfi.



Frábært sumarstarf handboltans að baki

Undanfarnar þrjár vikur hefur Handboltaskóli Gróttu farið fram í íþróttahúsinu. Samhliða handboltaskólanum fór Afreksskóli Gróttu fram en hann var fyrir eldri krakka og unglinga. Mikil og góð þátttaka var á námskeiðinu og greinilegt að krakkarnir og unglingarnir hafa beðið í ofvæni eftir að komast aftur í handbolta eftir sumarfríið.

Skólastjóri handboltaskólans var Maksim Akbachev yfirþjálfari Gróttu en auk hans leiðbeindu þjálfarar Gróttu og leikmenn meistaraflokk iðkendunum. Á hverjum föstudegi fóru fram Ólympíuleikar Gróttu en þá var öllum þátttakendum skipt í lið og leikið mót þar sem einn sigurvegari stóð upp úr. Að auki voru afhend ein risaverðlaun fyrir besta liðsfélagann. Sá átti að vera hvetjandi og góð fyrirmynd annarra í liðinu. Gróttu vill þakka öllum þátttakendum fyrir skemmtilegur vikur og vonar að handboltaveturinn verði ánægjulegur og árangursríkur.



Frá Handboltaskóla Gróttu.

Fjör í fimleikasalnum

Mikið líf og fjör er búið að vera í fimleikasalnum í hjá Gróttu í allt sumar. Keppnishópar í áhaldafimleikum og hóp fimleikum hafa verið að æfa mest allt sumarið. Fimleika- og leikjaskólinn var á sínum stað en haldið voru 8 námskeið í sumar. Iðkendur voru í fimleikum fyrir hádegi og eftir hádegi var fjölbreytt dagskrá þar sem meðal annars var farið í hjólaferð, sundferð og fjöruferð.



Fimleikakrakkar af Nesinu. Að þessu sinni undir berum himni.

Öll námskeiðin enduðu síðan á pylsupartý á föstudögum. Fimleikadeildin var einnig með sumarnámskeið í hóp fimleikum og áhaldafimleikum sem voru vel sótt. Alls hafa um 300 börn komið á námskeiðin okkar í sumar og margir hafa komið aftur og aftur á námskeiðin. Sumarið er búið að vera mjög skemmtilegur tími og þökkum við öllum sem komið hafa á námskeiðin okkar í sumar fyrir dásamlegan tíma. Yfirþjálfarar og skrifstofa fimleikadeildar er nú á fullu að skipuleggja komandi vetur og munum við birta stundatöflu vetrarins um leið og hún er klár.

www.grotta.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband

Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á Facebook

GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

1X2

GETRAUNIR.IS

Porkell var kosinn sjálfboðaliði ársins af GSÍ

Á árlegum formannafundi GSÍ sem nú var haldinn á Akureyri í framhaldi af Íslandsmótinu í golfi var m.a. veitt viðurkenning fyrir sjálfboðaliða ársins innan golfhreyfingarnar. Sjálfboðaliðastarf er á undanhaldi í golfi sem og í öðrum íþróttagreinum og er það miður.



Nesklúbburinn hefur hinsvegar verið afar lukkulegur með framlag félagsmanna til sjálfboðaliðastarfa og verður seint fullpakkað fyrir öll þau störf sem unnin eru af fólki sem gefur klúbbnum tíma sinn og vinnu. Að taka einn út fyrir sviga af öllum þeim sem leggja okkur hönd á plóg er erfitt val og svo sannarlega ekki gert til að hylla einum umfram aðra.

Seltirningurinn Porkell Helgason, meðlimur í Nesklúbbnum fékk viðurkenningu sem sjálfboðaliði ársins hjá Golfsambandi Íslands. Þessi viðurkenning var veitt í fyrsta sinn árið 2014 og Porkell sjöundi sjálfboðaliðinn sem fær þessa viðurkenningu. Hann er svo sannarlega vel að þessari viðurkenningu kominn eins og allir aðrir sjálfboðaliðar. Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ, afhenti viðurkenninguna á formannafundi GSÍ sem fram fór á Jaðarsvelli á Akureyri og sagði við það tilefni eftirfarandi: "Porkell Helgason er maður með gullhjarta sem hefur unnið sjálfboðaliðastörf í þágu Nesklúbbsins undanfarna fjóra áratugi. Hann hefur setið í flestum nefndum klúbbsins, þó lengst af í vallarnefnd, samfellt í 14 ár. Frá árinu 1993 hefur Porkell lyft grettistaki hvað varðar endurnýjun vélarflota klúbbsins - ásamt því að leggja línurnar fyrir það ásigkomulag vallarins sem hefur haldist frá þeim tíma. Porkell sat í stjórn Nesklúbbsins á árunum 1993-2005. Frá þeim tíma hefur Porkell ávallt verið boðinn og búinn að hlaupa í öll störf fyrir klúbbinn. Hann fór fyrir fögrum hópi sjálfboðaliða sem nýverið endurgerði golfskála Nesklúbbsins ásamt því að byggja útígeymslur. Porkell er hinn eini sanni "alt mulig mand" sem ómetanlegt er að hafa innan sinna raða. Því miður er aðeins til eitt eintak af þessum einstaka manni sem er ávallt tilbúinn að leggja hönd á plóginn fyrir Nesklúbbinn."



Skráning í fermingarfræðslu Seltjarnarneskirkju fer fram 30. ágúst

Skráning í fermingarfræðslu Seltjarnarneskirkju vegna ferminga vorsins 2022 fer fram í safnaðarheimili kirkjunnar mánudaginn 30. ágúst kl. 17-19.

Fermingarfræðslan hefst í september.

Fermingardagar vorsins eru eftirfarandi:

- Pálmasunnudagur 10. apríl kl. 13.
- Sumardagurinn fyrsti 21. apríl kl. 11.
- Laugardagurinn 23. apríl kl. 11

TRYGGÐU GRUNNINN!



Grunnpakkin frá Viridian

Pakkin sem við mælum með að þú takir inn daglega til að halda góðri heilsu. Omega olía, fjölvítamín og meltingargerlar. Kíktu á úrvalið.



Notalegur og fallegur fatnaður

Lífrænn og einstaklega fallega hannaður fatnaður fyrir jóga og lífið.



Korkjógadýnur eru góður grunnur Umhverfisvænar, sterkar, fallegar.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

LIND FASTEIGNASALA OG GRÓTTA KYNNNA



Fáðu góða þjónustu hjá rótgróinni fasteignasölu og þú styrkir GRÓTTU um **100.000 kr.** í leiðinni

Skráðu eignina þína í sölu á
www.fastlind.is/grotta



þegar eignin selst fær
Gróttu **100.000 kr.**

ATHUGIÐ!

Til að Gróttu fái styrkinn verður eignin að vera skráð inn á
www.fastlind.is/grotta

» Á Lind fasteignasölu starfa yfir
30 löggiltir fasteignasalar með
áratugareynslu. Breytt aldursbil
þeirra **frá 25 ára til 66 ára** og jafnt
kynjahlutfall tryggir að allir ættu að
geta fundið fasteignasala við sitt hæfi.


FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 - Sími: 510 7900
fastlind.is - nyjaribudir.is